



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi 1/504
Erindi nr. Þ 130/504
komudagur 5.12. 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Evrópufélög, 203. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra til laga um Evrópufélög. Frumvarpið er byggt á reglugerð Ráðsins (EB) 2157/2001 frá 8. október 2001 um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE). Með reglugerð þessari er lagður grundvöllur að nýju félagsformi (yfirþjóðlegu) á sviði evrópsks félagaréttar. Er því ætlað að þjóna hagsmunum fyrirtækja sem starfa eða hyggjast starfa í fleiri en einu aðildarríki sambandsins.

Sérstaða þessa nýja félagsforms lýsir sér m.a. í því að slíkt Evrópufélag verður ekki skráð nema fyrir liggi samkomulag milli stjórnar og fulltrúa starfsmanna um fyrirkomulag á upplýsingagjöf til starfsmanna og samráði um málaefni félagsins en um þau mál er fjallað í tilskipun 2001/86/EB. Frumvarp um það efni er að vænta frá félagsmálaráðherra. Með því frumvarpi verður lagður grunnur að rétti starfsmanna slíkra félaga til upplýsinga og samráðs um mikilvæg málefni er varða hagsmuni þeirra sérstaklega, auk þess sem kveðið er á um rétt þeirra í ákveðnum tilvikum til þátttöku í stjórn Evrópufélags.

Alþýðusambandið mælir með því að frumvarp þetta verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Ingvar Sverrisson, hdl.

lögfræðideild ASÍ